

Kisslin Árnad.
1987 Þeduberg
Ygg. 10 - 6

Það sem hæst bar á liðnu ári hjá okkur Kvennalistakonum í Reykjavík og tók mest af okkar tíma voru Ógarstjórnarkosningarnar í vor og þær verða aðalumræðuefnið í skýrslu Reykjavíkuranga. Þrátt fyrir að væntanlegar kosningar hafi verið eitt helsta umræðuefnið á fundum hjá okkur frá því í byrjun desember þá var kosningabaráttan stutt. Ákvörðun um að fara í framboð var tekin á félagsfund 8. febrúar, þegar endanlega var ljóst að ekki yrði boðið fram á ný í nafni Kvennaframboðsins í Reykjavík.

Fljóttlega upp úr því tóku ýmsar nefndir til starfa, kosninganefnd stefnuskrárnefnd, uppstillinganefnd, útgáfunefnd og fleiri nefndir. Kosninganefnd hafði með höndum skipulagningu kosningabaráttunnar, hún var skipuð 7 konum sem félagsfundur tilnefndi og fundir hennar voru að sjálfsögðu öllum opnir eins og aðrir fundir. Kosninganefndin hittist tvívar í viku til að byrja með, en síðustu vikur og daga voru fundir á svo til hverjum degi. Eins og liggur í augum uppi vann kosninganefndin geysilega mikið starf, en starfsvið hennar var aldrei skilgreint af félagsfundi og tiltölulega lítil endurnýjun varð í nefndinni. Þess vegna voru ákvarðanir ~~xxmxxgmx~~
~~máxmxmáxmx~~ teknar af ~~xxmxxmáxmx~~ tiltölulega litlum hóp, ~~xxmxxfí~~ í málum sem upp á komu og kröfðust skjótra úrlausna. Við þessu reyndum við að bregðast á þann hátt að boða listann allan til fundar með kosninganefndinni tvívar í viku og stækka þannig hópinn sem skipulagði baráttuna og tók ákvarðanir. Því miður reyndist þetta fyrirkomulag ekki nógu gott og eflaust eru margar skýringar á hvers vegna ekki tókst betur til. Frá bæjardýrum kosningastjórans séð, þá var atburðarásin orðin svo hröð síðustu vikurnar að fundir með allt að þrjátíu konum sem ~~um~~ ekki vissu hvað um hafði verið að vera í nokkra daga ~~mikið~~ fóru að ~~mestu~~ leiti í að rifja upp forsögu mála.

Það er rétt að bæta hér við að ég fór með hlutverk kosningastjóra, og að kosningaskrifstofa var opnuð á Víkinni í byrjun apríl, var sem sagt opin í two mánuði, í apríl og mai. En hvað varðar skipulagningu kosningabaráttu þá er nauðsynlegt að skilgreina starfsvið nefnda og starfshópa áður en farið er af stað, og að fulltrúar úr öllum nefndum og starfshópum fundi með kosninganefndum og á þann hátt dreifing valds tryggð. En hugmyndin um listafundina kom í kjölfar umræðu um samstarf og samábyrgð listakvenna, og og átti með þeim að reyna að virkja allar þær sem skipa framboðslistann. Og auðvitað væri æskilegast að allur listinn ynni saman og bæri jafna ábyrgð á kosningastarfinu og því sem í kjölfarið kemur.

En nú langar mig að gera í stuttu máli grein fyrir hvernig uppstillingarnefnd vann sitt starf. Nefndin, skipuð 5 konum, gerði tvær skoðanakannanir meðal félagskvenna, eða kannski öllu heldur skoðanakönnun í tveimur umferðum. Í fyrri umferð voru konur beðnar um að nefna 5-lo konur sem þær vildu sjá á framboðslistanum. Síðan raðaði uppstillingarnefnd öllum tilnefndum, með þeirra samþykki að sjálfsögðu, upp í stafrófsröð og sáinni umferðin fór þannig fram að konur ~~hálfanum~~ merktu við frá eitt ~~xix~~ og uppúr, eins og þær vildu að listinn liti út. Uppstillingarnefnd tók síðan tæknina í sínar hendur og mataði tölву á þessum upplýsingum. Með þessu móti fékk uppstillingarnefnd skýrar hugmyndir um vilja þeirra sem þátt tóku í könnuninni og studdist ~~xix~~ við niðurstöðurnar í öllum meginatriðum. Tillaga uppstillingarnefndar um ^{skipan} framboðslistans var síðan lögð fyrir félagsfund 20/3 og var þar samþykktur einróma, eftir að líflegar umræður höfðu átt sér stað, m.a. um það hvort það bryti í bága við stefnu og hugmyndafræði Kvennalistans að í fyrsta sæti væri þáverandi borgarfulltrúi Kvennaframboðsins. Niðurstaða þeirrar umræðu var suð að mikill fengur væri að því fyrir Kvennalistann að fá Ingibjörgu Sólruðu í fyrsta sæti listans

og bar með nýttist og kæmist áfram fjögurra ára reynsla Kvennafran boðsins af borgarmálastarfinu. Ingibjörg Sólrún gaf kost á sér til tveggja ára en þá tekur við önnur kona á listanum, Elín G. Ólafsdóttir sem verður aðalborgarfulltrúi seinni tvö ár kjörtímabilsins.

A þessum sama fundi var samþykkt tillaga þess efnis að það skuli vera meginregla að fulltrúar Kvennalistans í Borgarstjórn sitji ekki lengur en tvö ár í senn og sama gildi um fulltrúa í ráðum og nefndum.

Eftir að ákveðið var að fara í framboð fóru um tveir mánuðir í innra starf svo til eingöngu, og var mest áhersla lögð á stefnuskrána. Hópar unnu að hinum ýmsu málaflokkum og var vandað til verksins enda í kosningum tekist á um hugmyndir og stefnur. Samt var það nú svo að engir aðrir sáu ástæðu til að hafa stefnuna aðgengilega á prenti, en það er önnur saga. Stefnuskráin okkar var prentuð í stóru upplagi og henni dreift alls staðar þar sem því var við komið. Hvað varðar aðra útgáfu þá gáfum við út all-nýstárlægt blað sem dreift var á öll heimili í borginni, auk plakats eða veggspjalds og dreifirita.

I upphafi kosningabaráttunnar spurðum við okkur margra spurninga Hvernig heyja ætti baráttuna, hvort fara ætti hefðbundnar leiðir eða finna nýjar, hvernig við gætum náð til kvenna á öllum aldrum og komið sjónarmiðum okkar á framfæri, hvernig við gætum virkjað se flestar o.s.frv o.s.frv. Auðvitað gekk okkur misjafnlega að finna svör við öllum þeim spurningum sem á okkur leituðu, en vorum sammála um að við yrðum að leggja áherslu á sérstöðu okkar og það gerðum við á ýmsa vegu. Við reyndum að vera sjáanlegar ef svo má segja og vorum dag eftir dag á Lækjartorgi með stefnuskrár, dreifirit, barmmerki, söng, kaffi og ýmsan söluvarning á boðstólum. Fjölskylduhátið var haldin með glæsibrag og mikið um þátttöku í ýmiskonar fundum. Vinnustaðafundir urðu um 70 talsins, 4-5 á dag

síðustu dagana. Nú verð ég víst tímans vegna að fara að styttá mál mitt, og gera langa sögu stutta. Hvað fjármálin hjá Reykjavíkuranga varðar, þá er skemmt frá því að segja að þau standa svo til á núlli. Kosningabaráttan var kostnaðarsöm eins og við var að búast kostaði - 900 þúsund krónur. Hátt á annað hundrað þúsund fóru tilauglýsingar fyrri hluta kosningabaráttunnar en eftir að kosningaskrifstofa opnaði, í byrjun apríl kostaði reksturinn um 700 þúsund. Stærstu útgjaldaliðirnir voru kosningablaðið sem dreift var á öll heimili og prentunin á stefnuskránni. Ýmsar tekjur komu á móti æf vegna torgsölu, sölu á barmmerkjum, frá fjölskylduhátiðinni og fleira mætti telja, en þyngst á metunum var happdrættið sem skilaði góðum hagnaði.

Nú, að kosningum loknum vorum við borgarfulltrúa ríkari og línefndarsætum. Þær nefndir sem Kvennalistakonur eiga nú sæti í eru Félagsmálaráð, Heilbrigðismál, Iþróttar- og tómstundaráð, Atvinnumálanefnd, Stjórn veitustofnana, Byggingar í þágu aldraðra, Stjórn verkamannabústaða, Stjórn vinnuskólans, Jafnréttisnefnd, Stjórn lífeyrissjóðs Reykjavíkurborgar og Stjórn skóla Ísaks Jónssonar. Mig langar til að lesa hér upp tillögur um starfshætti sem samþykktar voru á félagsfundi 16. júní. Sú fyrri er svohljóðandi: "Konur sem taka sæti aðalmanns í nefndum og ráðum borgarinnar sitji að jafnaði í 2 ár, en þá taki varamaður við. Meginreglan er sú að aðalmaður verði þá varamaður."

Sú síðari snertir fjármál angans og hljóðar svo: "Konur sem sitja í launuðum nefndum og ráðum borgarinnar sem fulltrúar Kvennalistans greiði tíund af launum fyrir nefndarstörf til Reykjavíkuranga. Fénu verð t.d. varið til að greiða laun konu sem verði starfsmaður borgarmálaráðs."

Borgarmálaufundir eru nú haldnir vikulega á þriðjudögum og fyrir

skömmu var ráðin starfskona í 25% starf við upplýsingaöflun og miðlun, auk þess sem henni er ætlað að sjá um það undirbúning funda.

Nú stöndum við aftur frammi fyrir kosningum og ég held að vel fari á að slá botninn í þessa greinargerð með því að lesa hér upp fréttatilkynningu sem send var út til fjölmíðla að loknum félagsfundi 1. ~~maí~~ október.

" Kvennalistakonur í Reykjavík ákváðu á félagsfundi sem haldinn var 1. okt. 1986 að bjóða fram til Alþingis í Reykjavíkurkjördæmi. Framboðið var samþykkt einróma og mikill hugur var í konum. Fram kom á fundinum að Kvennalistakonur telja allar fyrri ástæður fyrir sérframboði kvenna enn í fullu gildi. Aðstæður kvenna hafa versnað í tíð núverandi ríkisstjórnar og því aldrei nauðsynlegra en þú að konur láti til sín taka havar sem ráðum er ráðið. Ein af ástæðum þess að konur ákváðu á sínum tíma að bjóða fram kvennalista var nauðsyn hugarfarsbreytingar í íslensku þjóðfélagi og nærra starfsháttar í íslenskum stjórnálum. Ljóst er að hvort tveggja á langt í land. Ljóst er einnig að konur verða sjálfar að berjast fyrir rétti sínum og betri heimi, aðrir gera það ekki fyrir þær. Þess vegna bjóða Kvennalistakonur fram nú.

SKÝRSLA FRAMVKÆMDARÁÐS

Ingibjörg Guðmundsdóttir:

Ágætu fundarkonur!

Áður en ég segi frá því sem framkvæmdaráð hefur fengist við s.l. ár langar mig til að fagna sérstaklega konunum frá Norðurlandi vestra og Vestfjörðum, sem eru nú með okkur á landsfundi í fyrsta sinn og hafa lokað þeim hring sem kvennalistakonur hafa slegið um landið.

Framkvæmdaráð hefur fundað u.p.b. 6. hvern fimmtudag kl. 17,15 á Víkinni. Í ráðinu hafa setið þær Edda Magnúsdóttir, Katrín Þorláksdóttir, Lilja Eyþórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Sara Harðardóttir, Sigríður Lillý, Sigrún Halldórsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Ása Knútsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir. Auk þess hafa starfskonur þingflokkss fyrst Bergljót Baldursdóttir síðan Sigrún Jónsdóttir og starfskona samtakanna Guðrún Jónsdóttir setið þessa fundi. Eftir að þing byrjaði hefur fulltrúi þingflokkss bæst í hópinn.

Það er enn óleyst mál hvernig skoðanir dreifbýliskvenna komst til skila. Hafi utanbæjarkonur slæðst inn á Víkina líklegar til að dvelja einn eða fleiri fimmtudaga í bænum hefur þeim verið bent á þessa fundi.

Á tímabili voru fundargerðir framkvæmdaráðs ljósritaðar og sendar öngunum og beðið um athugasemdir. En þar sem þær komu aldrei datt það upp fyrir. Þann sið má auðveldlega endurvekja ef einhverjar hafa áhuga.

Þó veit ég ekki hversu miklar áhyggjur við þurfum að hafa af þessu. Margt af því sem framkvæmdaráð fjallar um eru einföld afgreiðslumál, svo sem að svara bréfum, senda konur á fundi og ráðstefnur, fylgjst með fjármálum Kvennalistans o.s.frv.

Þegar upp hafa komið brennandi mál hafa verið haldnir svokallaðir samráðsfundir.

Má þar nefna helgina 24.-25. jan. þegar um 50 konur víðs vegar af landinu komu saman á Víkinni til þess að móta stefnuna í einstökum málaflokkum.

Þremur vikum síðar var aftur vinnuhelgi kvenna úr öllum öngum sem þá voru til, og drögin að stefnuskránni voru gerð. Þriðji "smá-landsfundurinn" hófst svo 26. apríl - daginn eftir kosningar og stóð eiginlega til 1. júní.

Konur utan af landi dvöldust sumar langtínum saman í bænum og það var fundað nær daglega í rúman mánuð.

Það er svo skrítið að eiginlega ákvað enginn þessa fundi, þeir bara urðu þegar þörfin kallaði.

En samskipti milli anga voru meir en þetta. Konur ferðuðust milli anga á marga opna fundi skemmtilegust var fundasyrpan í janúar þegar 16 opnir fundir voru haldnir samtímis í mörgum kjördæmum. Gleymum heldur ekki afmælinu 13. mars, laugardagskaffinu vinsæla, sumarhátiðinni í Þórisdal eða Króksfjarðarnesráðstefnunni.

Kosningarnar voru dýrar á okkar mælikvarða og ársreikningar liggja hér frammi. Þrátt fyrir stórar tölur reiknum við með að rétta fjárhaginn við á næsta ári. Angarnir stóðu í ýmis konar fjáröflun en samtökin nutu helst góðs af kosningahappdrættinu.

Ef til vill var eitt mikilvægasta verk kvennalistakvenna útgáfa stefnuskrárinna góðu. En vinna kvenna gaf af sér fleiri ávexti. Má nefna kynningapátt Kvennalistans í sjónvarpinu og páttinn fyrir Stöð 2. "Útvarpsfréttapátt" Kvennalistans sem fluttur var í Ríkisútvarpinu og annan sem sendur var námsmönnum erlendis. Veggspjaldið eða blaðið sem sent var inn á hvert heimili í landinu. Sendibréf til 2700 námsmanna erlendis og Fréttabréfið sem kemur út mánaðarlega. Ef til vill ætti ekki að nefna Veru hér en hún er sjálfstæð útgáfa m.a. kvennalistkvenna sem við megum ekki gleyma.

Fjölmíðlabytingin eða "fárið" titt nefnda leiddi til þess að kosningabaráttan í vor var gjörólík því sem hingað til hefur þekkst, og fór að miklu leyti fram inná heimilum fólks.

Þá var gott að vera formannslaus grasrótarhreyfing þar sem málefnið en ekki persónurnar eru aðalatriðið, því þær voru margar kvennalistakonurnar sem böðuðust fjölmíðlaljósum.

Tekið skal fram að fjölmíðlunin stafaði ekki af áhuga

þeirra á Kvennalistanum heldur fjölgun miðlanna og samkeppnina þeirra á milli.

Þannig var blaðamanna fundurinn sem við boðuðum spenntar til vegna útgáfu stefnuskrárinna heldur dapurlegur, því pá mættu aðeins tveir áhugalitlir blaðamenn.

Það upphófst því nýtt tímabil í sögu okkar þegar fréttamaður sjónvarpsins hringdi á mánudag eftir kosningar og spurði hvað við værum að gera á forsíðu New York Times.

Skeytum, bréfum, heimsóknum og fyrirspurnum rigndi yfir okkur. Við sendum fulltrúa ýmissa erinda til Spánar, ítalíu, Sovétríkjanna, New York, Grikklands, Danmerkur og víðar. Okkur var boðið að taka þátt í ýmsum samkomum um heiminn og þáðum aðeins þau boð sem voru greidd.

Framkvæmdaráðskonur glöddust að sjálfsögðu yfir hverju boði sem við fengum, en fengu þó hnút í magann því yfirleitt höfðu fleiri en ein kona áhuga á að flytja út boðskapinn.

Framkvæmdaráð tók venjulega ákvörðun um hver skyldi fara hverju sinni og það er erfitt verk að þurfa að velja á milli hæfra kvenna.

Áhugi og skilningur blaðamanna var mismikill þannig varð ein blaðakona mjög reið yfir að fá ekki samband við formanninn og var helst að hugsa um að yfirgefa landið án þess að tala við nokkra af þessum dularfullu konum.

Aðrar komust í uppáhald hjá okkur, ðvöldust í Kvennahúsinu marga daga, lásu allt sem að þeim var rétt og settu sig vel inní það sem við erum að gera.

Sérstakar vinkonur okkar urðu þær Patricia frá "ítölsku Veru" eins og við kölluðum blaðið hennar og Joan frá MS tímaritinu í Bandaríkjum.

Við erum hérna með úrkippusafn sem fyrirtækið Miðlun hefur safnað fyrir okkur en auk þess hafa okkur borist greinar víðs vegar að og ef einhver hefur fengið senda úrkippu erlendis frá væri gott að fá af henni ljósrit.

Í allt sumar héldum við að hver blaðamaðurinn væri sá síðasti en áhuginn erlendis frá hefur ekki minnkað.

Nýlega var hérna Carla Risseeuwé frá Hollandi og hefur hún áhuga á að gera 40-50 mín. vídeomynd um kvennabáráttu á Íslandi með áherslu á Kvennalistanum.

Okkur hefur þegar verið boðið að senda ræðukonu á ráðstefnu 1988 og rétt er að auglýsa hér sérstaklega að við erum beðnar að senda fulltrúa á undirbúningsfund í Oslo fyrir ráðstefnu á næsta ári um áhrif fjölmíðla á krítiskum augnablikum. Þessi fundur verður 8.-11. des. og eins og stundum áður er tæpt að það náist að auglýsa hann í Fréttabréfi. Þeirri sem fer er boðið að vera viðstödd afhendingu Friðarverðlauna Nobels. Farið er ekki borgað að fullu en 2000 kr. norskar boðnar í styrk og húsnæði og uppihald frítt. Þær sem hafa áhuga látið endilega starfskonur vita hið fyrsta.

Hér hefur verið stiklað á stóru. Fréttabréfin sem gefið hefur verið út skýra nánar frá því sem gerst hefur og tíminn er dýrmætur.

En þegar horft er um öxl er ljóst að konur hafa verið samhentar. Ofan á tvöfalt vinnuálag, úti á vinnumarkaði og inná heimilunum hafa þær lagt á sig ómælda sjálfboðavinnu til þess að auka áhrifamátt kvenna í samfélgingu og svo sannarlega hefur það skilað árangri.

Höldum áfram hér eftir sem hingað til.

Takk fyrir.

Tillegg frá Sigrúnu Halldórsdóttur.

Reykjavík - Bakhópastarfsemi.

Einn er sá páttur í starfi Kvennalistans sem gengur illa að fylgja eftir, það eru bakhópar það er enginn ábyrgur.

Framkvæmdaráð leggur til að komið verði af stað bakhópastarfsemi í sambandi við hina ýmsu málaflokka. Ljóst er að ekki þýðir að fá konur í viðamikið pólitískt starf heldur er ætlunin að vera í viðbragðsstöðu og tilbúnar til að senda frá sér ályktanir mótmæla-skrif og önnur svör við þeim uppákomum sem koma þjóðfélginu í þeim málaflokkum sem við látum okkur varða.

Bakhópum er það í sjálfsvald sett hve virkir þeir vilja vera bara að þeir verði tilbúnir með athugasemdir þegar þörfin er fyrir hendi.

Bakhópur getur verið hvort sem er fjölmennur eða fámenntur og jafnvel starfað í gegnum síma það er aukaatriði. Aðalatriðið er að hópurinn sé virkur þegar á þarf að halda.

Framkvæmdaráð er tilbúið til að fylgja málum eftir vera tengiliður milli hópa og framkvæma það sem þarf. Afar nauðsynlegt er að halda slíkri bakhópastarfsemi gangandi.

Framkvæmdaráðið mun taka það að sér að vinna úr nöfnum sem koma á blað og finna sér tengilið fyrir hvern hóp. Ágætt er að hver og ein skrái sig í þann málaflokk sem hún hefur áhuga á eða starfar við þannig að hver kona nýtist sem best.

Málefnnin sem um er að ræða eru m.a. skólamál, dagvistarmál, friðarmál, sjávarútvegur, landbúnaður, fræðsla hvers konar, byggðastefna, verkakonur, launamál, atvinnuleysismál, mál einstæðra mæðra, borgarmál, þingmál, sveitarstjórnarmál, erlent vinnuafli, umhverfismál, lífeyris- og tryggingamál, húsnaðismál og ýmislegt annað sem ykkur dettur í hug.

Borgarmál

Landsfundur Kvænnalistans 13.- 14. nóv 1987.

'Agðu landsfundarkonur'

Eg ætla að gera aðeins grein fyrir borgarmálastarfí Kvænnalistans. Borgarmálastarfíð er nokkuð viðamikið starf. Eins og Þið vitið allar þá höfum við aðeins einn borgarfulltrúa hana Ingibjörgu Sólrúnú en við höfum fulltrúa í ellefu nefndum og ráðum á vegum borgarinnar.

Solla situr auk þess í borgarráði sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt. Minnihluta flokkarnir skiptast á að hafa atkvæðisrétt í borgarráði eitt ár í senn. Borgarráð fjallar um öll mál sem tekin eru fyrir í borgarstjórn. Ef full eining næst um einstök mál í borgarráði þá hlýtur málid afgreiðslu þar. Ef hinsvegar er um ágreiningsmál er að ræða þá verða málín að fara fyrir borgarstjórn.

Til þess að Þið getið betur gert ykkur grein fyrir því starfi sem fram fer af hálfu Kvænnalistans í borgarmálunum þá ætla ég að telja upp nefndirnar og starfssvið nokkurra keirra. (Af þessari upptalningu sést að það eru þó nokkuð margir málaflokkar innan borgarkefisins sem við getum látið ljós okkar skýna. Enda fá andstæðingarnir all oft ofbirtu í augun þegar við stöndum upp og hefjum upp rödd okkar.)

1) Félagsmálaráð - er eitt viðamesta ráðið.

Það er stjórnarnefnd Félagsmálastofnunar og hefur eftirlit með henni og öðrum stofnunum borgarinnar sem að félagsmálum vinna.

Stofnuninni er skipt í fimm deildir

1. Fjármála- og rekstrardeild
2. fjölskyldudeild
3. deild um mállefni aldraðra
4. Húsnæðisdeild
5. heimilishjálp

2) Heilbrigðisráð fer með yfirstjórn heilsugæslustöðva í Rvk, öll starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar fellur undir Heilbrigðisráð einnig Heilbrigðiseftirlitið.

3) Atvinnumálanefnd – verksvið nefndarinnar er að vinna að eflingu atvinnulifs í borginni og jafnframt að vera stjórn Ráðningastofu borgarinnar.

4) Ífrótt og tómstundaráð.

- yfirstjórn yfir öllum ífróttamannvirkjum borgarinnar f.m.t. almennings sundstaðirnir
- yfirstjórn yfir 6 félagsmiðstöðvum
- sér um sumarstarf barna og unglings

5) Stjórn veitustofnana.

- Yfirstjórn yfir Rafmagnsveitu Rvk, Hitaveitu Rvk og Vatnsveitan

6) Stjórn verkamannabústaða – sér um að byggja, kaupa og úthluta íbúðum til verkafólks.

7) Stjórn vinnuskólans

8) Stjórn Lifeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

9) Jafnréttisnefnd

10) Skólanefnd Ísaksskóla

11) Framkvæmdarnefnd um byggingar í Fágu aldraðra.

Bessi upptalning ætti að gefa einhverja visbendingu um hvað við erum að gera i borgarmálastarfini. Borgarmálaufundirnir eru vikulega á Þriðjudögum kl 17 til 19 á Hótel Vík. Það er ætlast til þess að fulltrúar úr nefndum mæti á þessa fundi amk annað hvort aðal- eða varamaður. A borgarmálaufundunum ræðum við og tökum afstöðu til einstakra mála sem koma upp í nefndum og ráðum. Á þessum fundum er stefnan mótuð í einskökum málum með hliðsjón af stefnuskránni okkar.

Borgamálaufundirnir eru að sjálfsögðu opnir öllum komum en það er raunar synd hvað fáar konur notföra sér þetta. Við erum með hugmyndir um að reyna að auglysa þessa fundi betur og jafnvel halda þá út í hverfunum. Þannig gætum við orðið synilegri og e.t.v. náð betri tengslum við hverfasamtökum.

Reykjavíkurangi hefur starfskonu í 25% starfi. Lilja Eykórsdóttir var í þessu starfi s.l. vetur og vann þar gott starf.

Hin ágæta kona Stella Hauksdóttir er nú tekin við þessu starfi. Starfskonan sér um að undirbúa fundina eftir því sem hægt er og sér um að fylgja eftir þeim málum sem ákveðin eru á fundunum. Það er hægt að hafa samband við Stellu eða einhvern af fulltrúunum ef konur vilja fá upplýsingar um borgarmálastarfið eða koma einhverju á framfæri. Stella er við alla miðvikudaga á Vikinni.

Þingkonurnar okkar úr Reykjavík mæta á annan hvern fund til að auka samvinnuna mikki Þing- og borgarmála.

Nering á fundunum - notalgjöt að koma á fundi og setpast að býja í því að borað grófbraut ³ og grannuti og áreki

Þau mál sem mestan tíma hafa tekið í starfinu í haust er dagvistarmál, launamál og heilbrigðismál.

Solla hefur flutt ýmsar tillögur og fyrirspurnir í borgarstjórn má í því sambandi nefna

1. Tillögu um að skipa nefnd til að fara niður í dagvistar vandamn og finna leiðir til úrbóta. Nefndin er starfandi og á Solla að sjálfsögðu seti í henni.

2. Minnihlutin stóð saman að tillögu um að borgarstjórn beiti sér fyrir sameiginlegu átaki ríkis, sveitafélaga og atvinnurekenda, sem hafi það að markmiði að leysa þá förf, sem nú er fyrir dagvistarrymi á næstu kremur árum. Hvað Reykjavík varðar verði átakið við það miðað að koma upp 42 nýjum dagvistarheimilum og 30 nýjum leikskóladeildum með möguleika á að allt að 6 tíma vistun á degi hverjum. Stofnkostnaður þessara nýju heimila verði greiddur til jafns af Reykjavíkurborg, ríkinu og atvinnurekendum í borginni, þannig að hver um sig greiði friðjung. Til þess að fætta geti náð fram að ganga þurfa sveitastjórnir að fá lagahelmiild til að leggja 5 - 10% álag á aðstöðugjöld í frjó ár.

Jafnframt var lagt til að taka gjaldskrá dagvistarheimila til endurskoðunar, þannig að lágmarksgjald verði áfram óbreytt, en fari stighækandi í samræmi við tekjur foreldra.

3) Fyrirspurn um hversu mikil launaskrið hefði verið hjá öllum hópum öðrum en heim stéttum f.e. kvennastéttunum sem samið var sérstaklega fyrir í vor. Það hefur reynst embættismönnum mjög erfitt að finna fætta út. Það er langt síðan þessi fyrirspurn kom frá Sollu en ekkert svar hefur borist því það er svo mikil vinna að reikna fætta út, að heirra sögn.

A síðustu fundum höfum við rætt tölувert um heilsugæslu í skólam. En það kerfi er mjög illa statt í dag í borginni. Fjöldin allur af skólam er án hjúkrunarfreyðinga og starfsaðstaða fessara kvenna er alls óviðunandi. En þetta mál er þaggað niður enda lítið áhugavekjandi þar eð það snýr aðallega að börnum og konum. Við höfum boðað á okkar fund hjúkrunarfreyðing sem ætlar að leiða okkur í allan sannleikan um þetta mál núna annan þriðjudag á borgarmálaufundi. Einnig höfum við verið með tillögur og fyrirspurnir um þetta mál í heilbrigðisráði.

Haldin ein námsleifa um borgarmálin fyrir ári síðan
1/2 man eftir síðaste landsfund
Einnig ráðslyfna s.l. vor

Útkipling í borgarsjón og í nefndum

Hulda Ólafsdóttir

Skýrsla Reykjanésanga Kvennalistans flutt á landsfundi í Gerðubergi 14. nóvember 1987

Frá síðasta landsfundi hafa verið haldnir 8 félagsfundir auk fjölda lista-, kosninga- og vinnustaðafunda.

Fyrsti fundur okkar um kosningarnar var haldinn 9. desember 1986 á þremur stöðum í kjördæminu samtímis, þ. e. a. s. Mosfellssveit (nú bæ), Hafnarfirði og Sandgerði með símasambandi milli staða.

Á næsta félagsfundi, þann 8. janúar 1987, var framboðslistinn lagður fram og samþykktur.

Kosningastýra var ráðin Álfheiður Jónsdóttir í fullt starf til tveggja mánaða.

Strax kom í ljós að húsnæði okkar að Austurgötu 47, Hafnarfirði nægði engan veginn sem kosningaskrifstofa og var farið að grennslast eftir öðru stærra.

Tókum við á leigu til tveggja mánaða góðan sal að Reykjavíkurborgi 68, Hafnarfirði. Þar gátum við haldið stóra fundi auk þess að vera vinnustaður kosningastýru- og nefndar.

Flóamarkaður var opinn allan tímann og höfðum við þó nokkrar tekjur af honum og kaffisölu o. fl.

Opið hús var á laugardögum og var það vel sótt. Nokkra fundi héldum við um kjördæmið, en fundarsókn var yfirleitt dræm, svo við einbeittum okkur að vinnustaðafundum.

Við gáfum út eitt 16 síðna kjördæmisblað auk dreifirita.

Í apríl bættist Álfheiði kosningastýru liðsauki — Edda Magnús-dóttir var ráðin í hálft starf.

Við gáfum konum, sem á vegi okkar urðu, Kvennalistapáska-egg með kvenhollum málsháttum fyrir páskana.

Fjárhagsstaða angans að loknum kosningum var sú að kostnaður reyndist u. þ. b. 880 þús. og tekjur 660 þús. (framlög, flóamarkaður, augl. í blaðið o. fl.). Skuldin ca. 220 þús.

Tveggja daga flóamarkað héldum við í Austurstræti í júní sem skilaði okkur 45 þús. sem komu sér vel.

Félagsgjöld voru ákveðin 1500 kr. og innheimt í tvennu lagi með gíró sem hafa skilað sér mjög vel ásamt frjálsum framlögum. Í dag eignum við í sjóði um 25.000.

13. júní var farið í fjölskylduvettvangsferð um Suðurnes í rútu með leiðsögumanni og tókst sú ferð með miklum ágætum.

Vetrarstarfið hófst 24. september og á þeim fundi mörkuðum við þá stefnu að taka fyrir afmarkað pólitískt mál á a. m. k. öðrum hvorum félagsfundi og reið Kristín Einarsdóttir á vaðið og fræddi okkur um nýja húsnæðisstjórnarfrumvarpið.

Nýverið tókum við upp viðveru, á skrifstofu okkar að Austurgötu 47, Hafnarfirði, á laugardögum frá kl. 12–14. Síminn hjá okkur er 651250 og hvetjum við ykkur til þess að líta inn, ef þið eigið leið í Fjörðinn.

Framkvæmdanefnd Reykjanesanga

Suðurlandsangi

Kærill Kvennalistakonur.

Síðasta ár hefur markast af kostningum til alþingis, í þjóðlífina öllu. Það sama má segja um kvennalistann á Suðurlandi þessar alþingiskostningar hafa orðið til þess að kvennalstanginn sem raunverulega var aðeins til á Selfossi, sem var eini staðurinn á Suðurlandi þar sem e.h. starfsemi hafði verið í gangi og einhverjar skráð sig sem félaga, hefur nú teygt anga sína um allt kjördæmið. Fyrir ári síðan eða um síðasta landsfund var þegar farið að ræða framboðsmál, konurnar á Selfossi voru allar önnur kafnar í nefndum og ráðum bæjarins eftir kostningasigurinn í bæjarstjórnarkosningunum á liðnu vori. Við vorum daufar framan af og fannst við alls ófærar um að bæta frekar á okkur verkum. En þegar leið á haustið óx ábirkðartilfinningin og komumst að þeirri niðurstöðu er nær leið jólum að við yrðum að sjá til þess að Sunnlendingar mættu greiða kvennal. atkvæði sitt.

Byrjað var á að taka á leigu húsnæði svo hugsjónir okkar ættu þak yfir höfuðið og von væri frekari framkvæmda. Um eitt vorum við allar sammála, að áður en lýst yrði vilja til framboðs yrðum við að tryggja okkur konu í 1. sætið, það myndi örugglega bjargast með þau neðri. Í febrúar var farið að stað í alvöru, hringt var til líklegra kevenna um héraðið og reynt að vekja til virkrar þáttöku. Þann 4. febr. komu tvær konum ú Rangárvallasýslu á fund til okkar og þann 7. febr. er bókað í fundargerð að tekist hafi að fá Kristínu Ástgeirsdóttur til að taka 1. sæti á lista á Suðurlandi, fundarkonur lýsa ánægju sinni með framvindu mála og samþ. að gefa út tilkynningu til fjölmíðla um ák. framboð. Þá er samþ. að halda fundi á Laugarvatni og Hvolsvelli 17 og 19 febr. sem var gert og nú var ekki aftur snúið. Baráttan var hafin undir stjórn Ólafíu Sigurðardóttur og Svanheiðar Ingi-mundardóttur, þær töku að sér stjórn og skipulagningu kostningabaráttunnar og fóru fyrir af röggsemd og miklum dugnaði þar til séð var fyrir endann og úrslit ráðin. Tengिल fékkst í Vík í Mýrdal og skipaði hún síðar 4. sætið á listanum og önnur í Fljósthlið í Rangárvallas. og var í 3. sæti á lista einnig. *Silja Hannibals Selfi : 3.* Þessar konur Ragna B Björnsdóttir úr Fljóthlið og Edda Antonsdóttur úr Vík sóttu reglulega fundi hjá okkur á meðan á þessu stóð. Lögðu þær vissulega á sig mikið erfiði þar sem þetta eru veruleg vegalengd. Þann 8. mars far framboðslisti birturá hátíðafundi sem við boðuðum til á Hótel Selfossi. Þessi fundur var vel sóttur og skemmtilegur, vel heppnaður í alla staði. 1. maí höfðum við opið hús í okkar aldna Tryggvaskála á Selfossi, seldum kaffi og kökur og höfðum flóamarkað.

Haldnir voru framboðsfundir um allt héraðið ásamt öllum hinum flokkunum þeir voru á Klaustri og Vík í Skaftafellssýslu, Hvolsvelli í Rangárvallas. Flúðum, Þorlákshöfn, Selfossi í Árnessýslu og einnig í Véstmannaejum.

Okkar konur báru alls staðar af að okkar dómi og margra annarra, þær Kristín, Lilja og Ragna mættu á alla þessa fundi og að auki var sjónvarpsfundurinn.

Þær fluttu mál sitt af þessari hógværu reisn, sem kvennalistakonunum reyndist svo lagið og alþjóð mátti sjá í sjónvari af fundunum af öllu landinu. En samt við náðum ekki markinu, fengum Kristínu ekki kostna á alþing og var það okkur döpur staðreynd, sem ~~við~~ mun virka sem hvati til að gera betur næst. Við vitum að Vestmannaeyjar voru nær óplægður akur, og jarðvegur auk þess nokkuð grýttur. Samgönguerfið-leikar voru tímabundnum konum sá þröskuldur sem ef til vill hefur ráðið úrslitum, en við heitum þeim að heimsækja þær næst þó haft sé á orði að kvennalistakonan í Vestmannaeyjum sé flutt á Selfoss.

Að aflokinni kostningabáráttu tók við ný framkv.n. skipuð Liju Hannibalsdóttur Guðrúnu S. Þórarinsdóttur, Sigrúnu Ásgeirs dóttur öllum frá Selfossi og Sigurborgu Hilmarsdóttur og Margrétu Aðalsteinsdóttur Hveragerði. Samp. var á alm. fundi að reyna að halda fundi út um héraðið l sinni í mán. yfir sumarið. Byrjað var 19. júní í Hvolsvelli, auglýstur fundur með fræðslu og skemmtiefni. Reyndist vel fundarfært en samkv. gestabók voru utan héraðskonur sem hefðu sennil. mætt hvar sem við hefðum haldið fundinn. Þetta var til þess að við héldum okkur við heimaslöðir og frestuðum fundarhaldi yfir sumarið. Í byrjun sept. hófst reglubundið starf að nýju að vísu var byrjað með að segja upp föstu húsnæði sem við höfðum haft í nær ár. Nú eru haldnir fastir fundri l. miðvikudag í mán. kl. 20.30 í hús Verkalyðsfel. Þórs á Selfossi. Í sep. og okt voru fundir 1/2 mán. lega en þar sem mæting var fremur léleg ætlum við fyrst um sinn að hafa fundi aðeins einu sinni í mán. og skreppa þá frekar á Víkina.

Þá hafa nýlega orðið skipti í framkvæmdaneftnd. Út gengu nýlega ~~Guðrún~~ Sigrún og ~~Guðrún~~ Sigurborg og í þeirra stað koma Jakobína Gunnþórsd. Hverag. Ragna B Björnsdóttir Rang. Ólína Steingrímsdóttir Self.

Þetta er saga okkar í stórum dráttum s.l. ár. En bak við eru hin smærri atvik og samstarf sem hafa fært okkur ánægjuleg kynni og gefið af sér í sjóð minninga og reynslu.

Sigrún Ásgeirs dóttir

Huglæiðing um starf Kvennalistans á Austurlandi

Það var í upphafi janúarmánaðar s.l. sem þær nöfnur Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Kristín Arnadóttir lögðu leið sína austur á land til þess að hrissta ofurlítið upp í mannskapnum þar. Héldu þær fundi á Seyðisfirði, Reyðarfirði, Neskaupstað og á Egilsstöðum. Voru fundir þessir fjölmennir og ekki laust við að þeim nöfnum hafi tekfist að blásá aftur lífi í glæðurnar. Allavega var svo ekki lengu seinna boðað til vinnufundar á Eiðum og átti Helga Gunnarsdóttir veg og vanda að þeim fundi. Þangað mættu konur frá Seyðisfirði, Neskaupstað, Eiðum og Egilsstöðum. Þá var sú ákvörðun tekið að bjóða fram í Austurlandskjördæmi til aðþingiskosninga, en þær Hafnarkonur höfðu þegar sýnt því máli mikinn áhuga. Þótti Kristín Karlsdóttir (ein Kristínin enn) vænlegur kostur í efsta sætið og féllest hún á að sitja það, öllum til mikillar ánægju. Þá tryggðum við okkur Helgu Gunnarsdóttur í annað sætið og þóttumst nú nokkuð færar í flestan sjó, enda reyndist ekki ýkja erfitt að manna þau sæti sem eftir voru. Var fundargestum síðan skipt í hópa sem skildu vinna að upplýsingaöflun fyrir væntanlega frambjóðendur.

Nú (þá)purfti að finna kosningaskrifstofu heppilegan stað, en þar sem kjördæmið er nokkuð stórt var þegar ljóst að þær yrðu a.m.k að veratvær. Þar sem áhugi fyrir frambödi þessu var augljóslega mestur á Höfn og á Héraði var ákveðið að hafa aðra þeirra á Höfn með einum kosningastjóra starfandi og gegndi Margrét Magnús-dóttir því starfi með mikilli prýði. Á Egilsstöðum var hin skrifstofan sett niður og þær Bertha Tuli Íus og Ragnheiður Kristjáns-dóttir fengnar til að annast þar kosningastjórn. Ekki komum við Héraðskonur strax auga á heppilegt húsnæði, en góð vinkona okkar, Sigríður Toft skaut yfir okkur skjólshúsi á meðan á hinni erfiðu eftirgrennslan stóð. Það var nokkuð skeumtileg til viljun að hinu megin við ganginn beint á móti okkar dyrum voru Allaballar með sína skrifstofu og vorum við ósparar á Kvernalistaplaköt upp um alla veggi og á glugga.

Á einum af okkar fyrstu fundum (hjá Siggu Toft) var ákveðið að raða á einn lista á Egilsstöðum og annan á Höfn og fellasvo úr og skeyta saman í einn lista á sameiginlegum fundi Kvennalista-kvenna í kjördæminu á Stöðvarfirði, en hann var áætláður þann 7. febrúar. Á þeim fundi skyldu niðurstöður hópavinnunnar kynntar og einnig var ætlunin að tilkynna fjölmíðum um endanlega niðurröðun á listan í lok fundarins. En viti menn. Hornfirðingar komust hvergi vegna ófærðar, svo það var ákveðið að halda einn

fund á Höfn og annan á Egilsstöðum í staðinn. Að þeim loknum var slegið á þráðinn og listinn okkar endanlega ákveðinn. Síðan var hringt í útvarp og sjónvarp og þeim tilkynnt niðurstaðan. Og nú var ekki laust við að smá taugatitringur færi um hópinn, því ekki var aftur snúið úr þessu og því ekkert annað að gera en hálða beint áfram út í alvöruna.

Eftir þetta tóku hjólin heldur betur að snúast. Þær stöllur Helga og Kristín héldu til höfuðborgarinnar til þess að taka þátt í stefnuskrárgerð og Helga Sigurðardóttir fór fyrir hönd tveggja flughræddra kosningastjóra til að kynna sér framkvæmdahlið kosningabaráttunnar.

(Og vitanlega heppnaðist okkur að fá hentugt húsnæði. Við fengum leigt fyrir ákaflega hóflegt verð elsta og að okkar áliti fallegasta húsið í bænum, svokallað Nílsenshús. Við tókum því saman foggur okkar, tókum niður plakötin af veggjunum og úr gluggunum, Allaböllum sjálfsagt til mikils léttis og örkuðum með allt hafurtaskið til nýja heimilisins.)

Pegar hér var komið sögu hæfðum við um nokkurn tíma rætt þá hugmynd að gefa út blað. Og eins og sending af himnum ofan bárust okkur þær fréttir að Halldóra nokkur Gunnarsdóttir á Höfn vissi allt um svona útgáfumál. Við vorum því fljótar að gera hana að ritstjóra. Og nú var hafist handa við að safna greinum og styrktarlinum. Árangurinn varð svo hið allra dægilegasta blað sem boríð var inn á hvert heimili á kjördæminu fyrir kosningar.

[En víkjum nú aftur að fundarhöldum og öðrum uppákomum. Nú fannst okkur vera kominnnotími til að listakonurnar okkar létur sjá sig og til sín heyra. Auglýstum við því opinn stjórnmálaufund á Egilsstöðum þann 21. febrúar. En auðvitað varð ófært á Seyðisfjörð daginn fyrir fund, svo Kristín Karls mátti spítja heima með sárt ennið. Reynar var það orðið svo á tímabili að við mægtum vart renna huganum til Kristínar þá varð ófært á Seyðisfjörð. En fundurinn var nokkuð vel sóttur og fjöldi spurninga lagður fyrir kellurnar.]

Nú vorum við farnar að hafa kosningaskrifstofuna opna 2 tíma á dag, en þar sem okkur hafði ekki enn unnist tími til að opna hafa formlega var ákveðið að notað tækifærið daginn fyrir bolludag, þann 1. mars, og bjóða Héraðsbúum og öðrum velunnurum í bollukaffi. Fjöldi fólks heimsóttu okkur þennan dag og voru bæði menn og konur viljug til að skrifa sig á meðmælendalistann.)

Og 8. mars nálgaðist óðfluga. Rætt var um að tala við konur annarra flokka í þorpinu og slá saman í eina góða hátið, en þar sem Alþýðubandalagskonur voru þegar búnar að undirbúa dagskrá á Reyðarfirði þennan dag varð ekkert af því. Fengum við því afnot af veitingastaðnum Samkvæmispáfinn og auglýstum þar kvöldverð og skemmtidagskrá að kvöldi 8. mars. Guðrún Agnarsdóttir flaug austur til okkar snemma morguns þann 7. mars og hélt fund á Vopnafirði þann daginn með þeim heimakonum Önnu Mariú Pálsdóttur og Guðrúnunum Hjartardóttur, auk þeirra Kristínar Karls og Helgu Gunnars. Var síðan ætlunin að fljúga frá Vopnafirði til Borgarfjarðar eysti og halda þar fund um kvöldið. En ekki vildi betur til en svo að ófært var orðið bæði loftleiðis og sjóleiðis þegar átti að leggja í hann. Daginn eftir var enn ófært og nú fór heldur að kárna gamanið. Við með fullbókaðavéitamgahús og svo sátu trompin okkar veðurteppt á Vopnafirði. Við svo búið mátti ekki standa og var nú kölluð út hjálparsveit honum vorum til bjargar. Gekk ferðin vonum framar og sagði Guðrún okkur þá sögu er þær komu til byggða að karlinn, þetta gæðablöð, sem hafði brotist með þær yfir heiðarnar, hefði passað það ákaflega vel að hvenær ~~ssem~~^{mök 2} purfti að ~~þ~~ burt skafli þá hefði alþingisfrúin úr Reykjavík örugglega skóflu. En sem sagt þær komust til byggða heilar á húfi og hér um bil á réttum tíma og kvöldið leið við glens og gaman.

Og nú taka kynningarfundirnir heldun betur að dynja yfir hver á eftir öðrum. Það var flogið og ekið út og suður og keppst um að ná fundum á sem flestum stöðum og tókst það merkilega vel þrátt fyrir árstíma og oft ófærð. Mæting á fundina hefði hins vegar gjarnan mátt vera meiri. En hver veit hvað prinsinn purfti að kyssa Þyrnirósu marga kossa á ~~á~~en hún vaknaði.

Þann 29. mars hófst síðan hinn svokallaði Austurlandssirkus með fundi á Hofi í Öræfum. Í þessum sirkusi tóku þátt efstu menn allra lista í framboði og með því að halda einn til two fundi sama dag tókst að komast yfir alla þéttbýlisstaði Austurlands á 12 dögum. En til þess að þátti takast urðu frambjóðendur að notast við bíla, flugvélar og jafnvel varðskip og var ekki laust við að þeir væru komnir með vott af sjóriðu er síðasta fundi lauk. ~~Bessir framboðsfundir voru reyndar sá merkilegast hasar sem pistilshöfundur hefur orðið vitni að. Reyndu frambjóðendur eins og þeir frekast gátu að troða hver annan ofan í skítum með leiðindarorðbragði oft á líðum. Það þarf hins vegar ekki að taka það fram að evona karlmannilegt framboðsorðbragð kunna kvennalistakonur ekki viðenda.~~

~~stóðu þar með höfuð og herðar upp yfir aðra frambojóðendur að fundum~~
~~íoknum.~~ Á Bakkafirði var haldinn framboðsfundur sjónvarps, en fyrir útvarp á Borgarfirði eystri. Óg þar sem pistilshöfundur er nú nýgræðingur í pólitík kom honum þar margt ákaflega spánskt fyrir sjónir svo sem eins og allir sjálfstæðismennirnir sem þustu í salinn og einokuðu fremstu bekkina til að vera sem næst hljóðnemabera ríkisútvarpsins. Eða allir bleðlarnir sem Allaballarnir sátu með á hnjanum með spurningum sem þeir beindu til Allaballa um afreksverk Allaballa. Eg er því ekki í nokkrum vafa um að konurnar okkar unnu hug og hjortu margra á þessum framboðsfundum.

Og svo rann sumardagurinn fyrsti upp sólríkur og fagur. Var þá efnt til kaffisölu og flóamarkaðar. Og þarf ekki að orðlengja það að Nílsenshúsið bókstaflega fylltist af fólk og kaffibrauð og annar söluvarningur rann út eins og heitar lummur.

Um þetta leiti var svo sannarlega kominn hasar í kosningabaráttuna. Eldheitar blaðagreinar voru skrifðarí blöðin okkar fyrir austan og þá helst af konum annarra flokka, og léturnum við engri þeirra ósvarað. Og til kosninga gengum við bjartsýnar um gott fylgi, jafnvel þótt við kæmum ekki Kristínu að í þetta sinn. Skrifstofan okkar var opin kosningadaginn frá því kl. 10 um morguninn og heitt kaffi og með því fram undir næsta morgun. Í Nílsenshúsi var þétt setinn bekkurinn þetta kvöldið, ~~þeir~~ atkvæði og ljóst var að Kristín Karls var orðinn flakkari. Að talningu lokinni kom í ljós að við höfum fengið 528 atkvæði og gátum við ekki annað en verið hæstánægðar með þau.

En þótt kosningadagurinn rynni upp og gengi hjá var ekki þar með sagt að okkar starfi væri lokið. Vonandi er það rétt að byrja. Nokkra fundi höfum við haldið síðan í apríl og enn hafa áhugasamar konur bætzt í hópinn. Það er því fastur ásetningur okkar að láta nú ekki eldinn sem þær nöfnur úr Reykjavík kynntu undir í byrjun ársins ~~skrá~~ deyja út heldur loga sem lengst okkur öllum til heilla.

Norðurland eystra (Húsavík)

Kosningabaráttan á Húsavík hófst með því að við tókum á leigu 2 herbergi á Hótel Húsavík og bjuggum þar út kosningaskrifstofu. Áður höfðum við haft þann háttinn á að við hittumst á laugardagsmorgna á veitingahúsi og drukkum þar saman kaffi. Til að byrja með var kosningaskrifstofan opin 2 kvöld í viku og á laugardagseftirmiðögum. Fljótlega fór þó svo að við vorum þarna flest kvöld í viku. Við höfðum engan fastan kosningastjóra, eða starfsmann og má þar segja að ráðið hafi bæði grásrótar og peningasjónarmið. Fjárlögun var að mestu með kaffisölu og það á kaffi sem við keyptum sjálfar. Auk þess skilaði dúfan og merki inn talsverðum peningum. Frá kvenna listanum fengum við 20.000.- kr sem fór í greiðslu á húsnæði. Strax í byrjun kosningaundirbúnings var lagt ríkt á um að sýna fjárhagslegt aðhald og sem dæmi um hina hagsýnu húsmóður, þá var símareikningurinn aðeins 96 kr. á kosningaskrifstofunni.

Kosningakafi var á kosningadag og komu margir og um kvöldið var kosninga vaka og fengum marga gesti. Sem sannar kvennalistakonur færðum við öllum kosningaskrifstofunum blóm í tilefni dgsins. Alþýðuflokkurinn endurgalt okkur með 3 Hollenskum rósum og framsókn sendi aldursforseta sína til okkar á kosningavökuna með kveðju. Flokkur mannsins gerði okkur þann heiður að sitja hjá okkur meðan á kosningavöku stóð. Að loknum kosningum var haldinn fundur á Akureyri, eins konar kosninga uppgjör. Þar var ákveðið að Húsavíkuranginn að sér framkvæmdanefndina.

Í framkvæmdanefnd sitja Ásta Baldvins, Elín Kristjáns, Guðrún Braga og Rósa. Þegar kosningauppgjöri var lokið var hægt að fara að hlynna að vanræktum börnum og eiginmönnum. En þann 20 júni, átti að vera 19 júni fórum við í betri fötin og brugðum okkur í Laxdalshús, þar borðuðum við og drukkum fram eftir kvöldi. Þar var ákveðið að hittast í lok ágúst og skipuleggja þá starfið. Sá fundur var á Laugarlandi í Eyjafirði og tókst vel, nema hvað það voru fáar sem mættu. Kristín og Malla komu á þennan fund og var almenn ánægja með þær. Þar var ákveðið að halda sameiginlega fundi 1 sinni í mánuði og þá til skiptis á Akureyri og Húsavík. 1. laugardagur í hverjum mánuði varð fyrir valinu og erum við nú búnar að halda 3 fundi. MALLA KEMUR á þessa fundi og í tengslum við þá hefur hún viðtalstíma fyrir almenning. Við hér á Húsavík hittumst ennþá á veitingahúsi á laugardags morgna, og virðist þetta hentugasti tíminn fyrir okkur, Svo ekki sé nú talað um ánægjun við að ganga út á ~~a~~ laugardagsmorgna frá öllu draslinu og láta það lönd og leið. Þetta er smátt og smátt orði svo fastur liður hjá fjölskyldunni eftir 4 ár að jafnvel forhertustu kalrembusvin eru farnir að ryksuga og laga mat á laugardögum, með einstaka undantekningum þó. Þann 24 var hér kvennadagur eins og viða annarstaðar. "Nefndin" tók að sér að setja nokkrar auglýsingar í blöð

og skora á konur að koma saman á Bakkanum og fá sér hægismat. Síðan fengum við 1 ágæta konu til þess að mæta með gítar, og þarna sátu 30 konur á öllum aldri og borðuðu og sungu. Þetta var sérstaklega ánægjulegt, og hefði vafalaust mátt gera viðar.

G3.

Jón Baldurss dóttir
Nordurl. eystra

1.

Ég heyrði svolítið spaugilegt viðtal í útvarpinu í haust. Fréttamaður spurði konu á Akureyri hvað hún inni, og hún svaraði að bragði: Ég starfa í matvälaiðnaði Fréttamaður varð svolítið hikandi við, eins og hann væri ósáttur við þetta svar og spurði varfærnislega Nú, vinnurðu þá við niðursuðu? Nei svaraði konan, ég vinn í frystihúsi Ú. A. Það var greinilegt á samtalinu að fréttamaðurinn leit ekki á frystihúsvinnu sen starf í matvälaiðnaði og hann er víst ekki einn um það. Samt er það svo að hér er um að ræða aðalútfutningsgrein þjóðarbúsins og undirsteðu efnahagslífssis

Efnahagslíf einnar þjóðar stendur og fellur með ástandi atvinnumála. Að undanförrnu hefur sú þróun orðið að vóxtur atvinnulífsins hefur fyrst og fremst verið í þjónustugreinum. En því eru takmörk sett hve stór hluti af vinnumarkaðinum, þjónustugreinarnar geta orðið. Í heilbrigðu efnahagskerfi verður svo og svo stór hluti þjóðarframleiðni að vera í framleiðslugreinum. Það virðist sem fyrirtæki í þjónustugreinum spretti nokkuð sjálfkrafa upp þar sem þeirra er þórf og markaður nægilega stór svo þau fái þrifist. Hins vegar virðist þróun framleiðslufyrirtækja ekki nærri eins ör og er greinilegt að hér þarf að taka höndum til

Í flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins hefur sjávarútvegurinn verið undirstaða atvinnulífsins. Nú er svo komið að fiskimið landsins meiga heita fullnýtt og á sumum sviðum gott betur, svo varla þarf að búast við aukningu í atvinnulífi úr beirri átt, þ.e.a.s. miðað við það ^{því formi} sem fiskvinnslan er rekin í dag. Á hvaða sviði getum við þá vánst þróunar í atvinnumálum landsmanna og þá á ég við í framleiðslugreinum. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þessi mál eins og þau koma mér fyrir sjónir.

Ein er sú grein sem við Íslendingar getum þróað mun betur og getur skapað fjölda fólks vinnu, en það er fullvinnsla sjávarafla. Það er fullljóst að fiskur og aðrar sjávarafurðir eiga eftir að njóta mikilla vinsælda um ófyrirsjánlega framtíð. Þar sem sjávarafli á vart eftir að aukast þá er eina ráðið til að auka tekjur þjóðarinnar af pessari takmörkuðu auðlind að fullvinna sem mest af sjávarafla, bæði til innanlandsneyslu og til útflutnings.

T.d. er nú þegar starfandi fyrirtæki á Skagastrónd sem framleiðir ýmsa tilbúna sjávarrétti með góðum árangri, einnig eru starfandi í landinu niðursuðuverksmiðjur sem standa vel fyrir sínu. Síka fullvinnslu hlýtur að vera hægt að stórauka, en sennilega eru það markaðsmálín sem slikt strandar á,

Það hefur lóngum viljað breðna við hjá okkur Íslendingum að láta markaðsmálín sitja á hakanum, að halda að það sé bara nóg að framleiða vöruna og verða svo undrandi þegar varan selst ekki. Framleiðsla og markaðssetning verða að haldast í hendur og það verður að vinna markvisst að því að stækka markað okkar fyrir fullunnar sjávarafurðir.

Það er fyrirsjáanlegt að á næstu árum verður ör þróun í þeim búnaði og tækjum sem notuð eru og verða notuð í fiskiðnaðinum, því það stefnir greinilega í aukna vélvæðingu og sjálfvirkni. Ef við höldum rétt á málum, gætum við orðið leiðandi þjóð í þróun og framleiðslu þessarar tækni. Það eru þegar starfandi fyrirtæki á landinu sem náð hafa góðum árangri á bessu sviði.^① Það væri ekki ónýtt að ná svipaðri aðstoðu á heimsmarkaði með slikan búnað og t.d. Norðmenn hafa náð með rafeindataeki í fiskiskipum. En eins og ég sagði áðan, þá verðum við að halda rétt á málum.

Við Íslendingar höfum mikla reynslu í fiskveiðum og útgerð. Þessa reynslu og þá þekkingu sem henni fylgir verðum við að nýta okkur sem kostur er. Það eru þegar starfandi iðnfyrirtæki tengd útgerð, t.d. við framleiðslu ýmissa hluta veiðafæra,^② eða búnað tengdan fiskveiðum. Þessi fyrirtæki flytja hluta framleiðslu sinnar út. Það er engum vafa undirorpið að hér er um að ræða framleiðslusvið sem Íslendingar geta aukið stórlega

Við vitum allar að gjaldeyristekjur okkar eru að stærstum hluta af útflutningi sjávarafurða og það eru engin ný sannindi að einhæfur útflutningur er þjóðarbúinu óhollur.

Samkeppni iðnaðarframleiðslu á heimsmarkaði er mjög hörð, en það er trú min að við Íslendingar getum helst náð árangri í framleiðslu til útflutnings á þeim sviðum þar sem við nú höfum hvað mesta þekkingu, þ.e. á vélum og öðrum búnaði tengdum fiskveiðum og fiskiðnaði. Enda hefur það sýnt sig að sú íslenska framleiðsla sem þegar er hafin er fyllilega samkeppnishæf.

^① Oddi Mr., D.N.G., J. Hariksson, Hampsíjan

^② Marel, Traust, Pöllinn Ísafjörði

Það má segja að fyrir okkur sem búum úti á landi sé það nokkurt ánægjuefni að svo virðist sem slik fyrirtæki fái brifist jafnvel þar sem hér á höfuðborgarsvæðinu.

En slíkir hlutir sem þróun iðnaðar, uppbygging nýrra iðnfyrirtækja og óflun markaðar gerast ekki af sjálfur sér. Hér verða opinberir aðilar að koma inn í myndina með einhverju móti. Ef umtalsverðu fjármagni verður ekki veitt til þróunarstarfsemi á þeim sviðum sem ég hef fjallað um, er hætta á að áfram ríki stóðunum eða mjög hægfara þróun og einhæfni í þeim hluta atvinnulifs landsmanna sem snýr að útflutningi og við missum af tækifæri til að ná verulegum árangri í sérhæfðri iðnaðarframleiðslu.

Það má segja að með því að styðja bæjarfélög til bess að ráða iðnráðgjafa til starfa, hafi ríkisvaldið sýnt viðleitni til bess að örva uppbyggingu iðnaðar.

Mörg bæjarfélög hafa ráðið sér iðnráðgjafa. Það kann að vera misjafnt hvað út úr sliku hefur komið, en ég held að bessi starfsemi eigi fullan rétt á sér og hafi orðið til bess að auka fjölbreytni í annars einhæfu atvinnulífi bæjarfélaga úti á landi... Það er nú oft svo að þó hugmynd um einhverja framleiðslu fæðist, þá verður hún aldrei nema hugmynd, því það vantar þekkingu til að útfæra hugmyndina á réttan hátt og leita markaðar fyrir framleiðsluna ef slik framleiðsla reynist raunhæf. Hérna er það sem iðnráðgjafar og iðnþróunar-félög koma inn í myndina.

Samkvæmt fjárlagafrunvarpi fyrir næsta ár, pá atlar ríkið nú að leggja niður fjárframlag til iðnráðgjafa og jafnframt leita eftir heimild til að leggja lógbundið framlag til Iðnláanasjóðs niður, en Iðnláanasjóður hefur styrkt þróunarstarfsemi í iðnaði. Þannig á að draga til baka þann litla stuðning sem ríkið hefur veitt til eflingu iðnaðar og það er ekki sjáanlegt að neitt umtalsvert eigi að koma í staðinn. Hér virðist stefnt í mikla ófugþróun.

Mér hefur orðið tiðrætt um nýskópun í iðngreinum tengdum sjávarútvegi og fiskvinnslu, enda eru þetta málefni sem standa mér næst.

Það mætti nefna ýmsar aðrar greinar til uppbyggingar atvinnulifs, en það verða áræðantega einhverjar aðrar hér í dag sem koma inn á þau málefni og læt ég því hér staðar numið..

STUTT ÁGRIP AF ÁRSSKÝRSLU KVENNALISTANS FYRIR
NORDURLAND VESTRA

Margrét Jenny Gunnarsdóttir:

Kvennalistinn var formlega stofnaður á Blönduósi 15. mars 1987.

Aðdragandi þess var afar stuttur. Þó er ekki því að neita að um talsverða pólitískra gerjun hafði verið að ræða um nokkurt skeið, enda ljóst að áhrifin úr öðrum landshlutum voru orðin mikil um sérstakt kvennaframboð.

Í byrjun febrúar á þessu ári hélt Kvennalistinn á Norðurlandi eystra "Opinn fund" á Sauðárkróki.

Með þeim fundi hófst alvarlegar vangaveltur um sérstakt framboð hjá okkur á Norðurlandi vestra. Í kjölfarið var efnt til fundahalda í Safnahúsinu á Sauðárkróki þar sem ákvörðun var tekin um fyrrnefndan stofnfund.

Fjórum dögum síðar var ákveðið að kanna grundvöll fyrir framboði. Undirtektir voru með þeim hætti að á fundi á Blönduósi 23. mars var gengið frá framboðslista. Við sem sátum þennan fund munum seint gleyma þessu kvöldi.

Kosningabaráttan hófst strax að morgni næsta dags og var hún stutt, ströng og skemmtileg. Kjördæmið var plægt enda á milli, en ekki er ætlunin að fjölyrða frekar um það hér, enda þekkið þið flestar svipaða sögu. Sjálfsagt er hún keimlík vinnubrögðum ykkar.

Margt skeði kostulegt, en meinингin er að nota þann fróðleik í ævisögum okkar þegar þar að kemur.

Atkvæðin voru elt út um allt í bókstaflegri merkingu. Frægast varð er Anna Hlín Bjarnadóttir hljóp á eftir einu slíku sem fauk til og frá um Öxnadalsheiði. Með tilþrifum kastaði hún sér á atkvæðið sem hún hélt að kæmi henni á þing.

Ekkert var hægt að spá í úrslit á kosningadaginn en þó reyndu það ýmsir.

Næst útkomunni var Inga á Mið-Grund sem sagði atkvæðin á bilinu 330-340. Við fengum 337.

Kosningadagurinn var mjög spennandi fyrir okkur allar. Aðstöðu höfðum við á Hótel Mælifelli á Sauðárkróki og fjölmargir komu í heimsókn til okkar og það voru margar hlýjar óskir sem okkur bárust.

Að orrahriðinni afstaðinni féll allt í dúnalogn og við fengum dágott hlé frá pólitíkinni. Þó fylgdumst við vel með stjórnarþyndunarviðræðum og komum nokkrum sinnum saman til að taka afstöðu um stöðu mála.

19. júní héldum við hátið á Blönduósi okkur sjálfum og deginum til heiðurs.

Vetrarstarf er hafið og skipulagning í mótu en ekki ákveðið hvernig fundaform og fyrirkomulag hentar okkur best til að fá sem samvirkastan hóp.

Í undirbúningi er að leigja húsnæði með síma og öðrum nauðsynlegum hlutum til að auðvelda samskipti innan kjördæmisins og utan þess. Framtíðin mun leiða í ljós hvernig til tekst um störf Kvennalistan á N.V. Við erum bjartsýnar, gatan er greið, en vinnubrögð okkar munu ráða úrslitum.

VESTFJARDAANGI

Rósa Hallgrímsdóttir:

Upphof að stofnun Kvennalista á Vestfjörðum var kynningarfundur sem haldinn var á konudaginn 22. febrúar s.l.

Þar sem Sigriður Dúna og Hanna María fluttu erindi.

Á þessum kynningarfundum var stofnuð nefnd til að koma á framboði. Um svipað leyti var Vesturlandsangi með kynningarfundum á Hólmavík og Reykhólum.

Það var erfið fæðing að koma saman listanum, en á endanum tók ein í nefndinni fyrsta sætið og þá hópuðust konur á listann, tveim dögum fyrir skiladag.

Síðan var opnuð kosningaskrifstofa og hafin útgáfa á málgagni angans - Pilsabyt -.

Gefin voru út 3 tölublöð á þessum eina mánuði fyrir kosningar.

Haldnir 14 sameiginlegir framboðsfundir, 5 kynningarfundir, 1 sjónvarpsfundur og 2 útvarpsfundir. Kynningarfundirnir áttu að vera mun fleiri, en óveður kom í veg fyrir að svo yrði.

Þær 10 konur sem skipuðu listann hafa enn ekki hittst allar. Á framboðsfundum töluðu samtals 18 konur.

Eftir kosningar 24. apríl snéru vestfirskar kvennalistakonur aftur til heimila sinna eftir langa og stranga útiveru við kosningaundirbúning.

Fljótlega fóru svo konur að hittast á laugardagsmorgnum á Sjómannastofunni á Ísafirði og síðar sumarbústað. Gefið var út eitt fréttabréf og eitt tölublað af Pilsabyt. 22.-23. ágúst var haldin sameiginleg ráðstefna með Vesturlandsanga í Króksfjarðarnesi um byggðamál og hugmyndafræði Kvennalistans. Á þeirri ráðstefnu var samþykkt tillaga um að koma á landsfundi um landbúnaðarmál á næsta sumri.

Rútuferðin sem fyrirhugað var að fara um Vestfirði féll niður vegna summarfria.

Vetrarstarfið hófst á fundi heima hjá Sigriði Björns á Ísafirði. Síðan hafa verið haldnir 3 fundir þar af 1 á Suðureyri hjá Örnu. Á þessum fundum hafa verið lögð drög að vetrarstarfinu.

Reynt er að halda samskiptum innan kjördæmisins í gegnum síma.

Stefnt er að því að halda aðalfund þegar fulltrúar af landsfundi koma heim. Eins liggur fyrir áframhaldandi útgáfa á málgaqninu Pilsabyt.

SKÝRSLA VESTURLANDSANGA

Steinunn Ingólfssdóttir:

Starf okkar s.l. ár var fyrst og fremst tengt kosningabaráttunni.

Strax að afloknum landsfundí Kvænnalistans, héldum við félagsfund þar sem ákvörðun var tekin um framboð. Nú þýddi engin deyfð, nú varð að snúa sér að skipulagningu kosningabaráttunnar.

Við héldum vinnufund að Langholti í Staðarsveit helgina 10.-11. jan. Þar gengum við frá framboðslistanum, réðum kosningastjóra, Inger Helgadóttur, og tryggðum okkur húsnæði fyrir kosningaskrifstofu í Borgarnesi.

Síðan skiptum við okkur upp í hópa sem tóku ákveðna málaflokka fyrir og skiliðum síðan niðurstöðum hópanna á kosningaskrifstofuna, þar sem frambjóðendur höfðu aðgang að þeim.

Við gáfum út tvö blöð og smábækling.

Kosningaskrifstofan var opnuð 1. febr. og var opin einu sinni í viku í febrúar, en á hverjum degi í mars og apríl. Á þessu tímabili héldum við 27 fundi og opin hús, fyrir utan sameiginlegu fundina með hinum flokkunum. Daginn fyrir kosningar höfðum við opin hús á öllum stærri stöðum í kjördæminu og dreifðum birkigreinum með sumarkveðju frá Kvænnalistanum við verslanir. Á kosningadaginn vorum við með opið hús alla nótina. Þar var mikil stemmning, og meðal gesta okkar var karlmaður úr Borgarnesi sem sóttist eftir að gerast félagi í okkar anga, í hita leiksins tóku konur þessu mátulega alvarlega, en þegar maðurinn birtist nokkru síðar á félagsfundí hjá okkur, leist okkur ekki meira en svo á blikuna. Þetta er upphafið á máli því sem gengur undir nfninu "mál mannsins" í okkar anga. Værum við ykkur þakklátar ef þið rædduð í ykkar öngum hvernig eigi að bregðast við æski karlmenn inngöngu í Kvænnalistann.

Lc

Við vorum með kökusölu á Akranesi 16. júní, opið hús 19. júní svo og 24. okt. Ráðstefnu í Króksfjarðarnesi 22.-23. ágúst í samvinnu við Vestfjarðaranga.

Ákveðið er að ráðast í blaðaútgáfu eftir áramót, svo og hefur verið ákveðið að gefa út fréttabréf innan angans

annan hvern mánuð. Síðustu helgina í október var farin fundaherferð í Dali, Snæfellsnes og Borgarfjörð, voru konur sérstaklega boðnar til þessa funda og rætt vítt og breitt um landsbyggðamál, því miður var fundasókn lítil. Ákveðið er að hafa opíð hús einu sinni í viku fram að jólum.